

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1971.

Nr. 37/1971. Gísli Jónsson

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h.

bæjarsjóðs og gagnsök

(Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Samningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. marz 1971. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 408.112.00 með 7% ársvöxtum af kr. 222.010.00 frá 1. janúar 1968 til 1. september 1968 og af kr. 408.112.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. apríl 1971. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Á þeim tíma, sem um er fjallað í máli þessu, veitti aðaláfrýjandi viðtöku án fyrirvara launum frá gagnáfrýjanda, sem ákveðin voru í samræmi við ákvæði III. kafla gerðardómsins frá 19. ágúst 1963 að viðbættum almennum hækkunum og verðlagsbótum. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 23. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. þ. m., hefur Gísli Jónsson rafveitustjóri, Brekkuhvammi 4, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 14. október 1968, á hendur Kristni Ó. Guðmundssyni bæjarstjóra, Álfaskeiði 82, Hafnarfirði, f. h. bæjar-sjóðs Hafnarfjarðar til greiðslu vangreiddra launa samkvæmt ráðningarbréfi fyrir tímabilið 1. janúar 1967 til 31. ágúst 1968, vangreiddrar þóknunar fyrir fasta yfirvinnu samkvæmt ákvörðun rafveitunefndar fyrir tímabilið 1. janúar 1967 til 31. marz 1968 og ógreiddrar þóknunar fyrir sama fyrir tímabilið 1. apríl til 31. ágúst 1968, en samtals nema hinar umkröfðu greiðslur kr. 408.112.00 auk vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 408.112.00 með 8% ársvöxtum af kr. 14.757.00 frá 1. janúar 1967 til 1. febrúar s. á., af kr. 29.514.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 33.203.00 frá þeim degi til 1. marz s. á., af kr. 47.960.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 51.649.00 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 66.406.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 70.095.00 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 84.852.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 88.541.00 frá þeim degi til 1. júní s. á., af kr. 103.298.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 106.987.00 frá þeim degi til 1. júlí s. á., af kr. 121.744.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 125.433.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., af kr. 140.190.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 143.879.00 frá þeim degi til 1. september s. á., af kr. 158.636.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 162.325.00 frá þeim degi til 1. október s. á., af kr. 177.082.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 180.771.00 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 195.528.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 199.217.00 frá þeim degi til 1. desember s. á., af kr. 214.500.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 218.189.00 frá þeim degi til 1. janúar 1968, af kr. 233.472.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 237.293.00 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 252.576.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 256.397.00 frá þeim degi til 1. marz s. á., af kr. 271.680.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 275.501.00 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 290.784.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 294.605.00

frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 309.888.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 320.363.00 frá þeim degi til 1. júní s. á., af kr. 335.646.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 346.121.00 frá þeim degi til 1. júlí s. á., af kr. 361.404.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 371.879.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., af kr. 387.162.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 397.637.00 frá þeim degi til 10. september 1968 og af kr. 408.112.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af stefnda hálfu er þess aðallega krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og stefnandi dæmdur til greiðslu málsvarnarlauna að mati dómsins, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn niður falla.

Aðalliðir stefnukröfunnar eru í fyrsta lagi vangreidd laun samkvæmt ráðningarbréfi fyrir tímabilið 1. janúar 1967 til 31. ágúst 1968 og í öðru lagi vangreidd þóknun fyrir fasta yfirvinnu samkvæmt ákvörðun rafveitunefndar fyrir tímabilið frá 1. janúar 1967 til 31. marz 1968 og ógreidd þóknun fyrir tímabilið 1. apríl til 31. ágúst 1968.

Verður fjallað um þessa liði hvorn í sínu lagi.

I. Um föst mánaðarlaun stefnanda samkvæmt ráðningarbréfi.

Stefnandi í máli þessu, Gísli Jónsson rafmagnsverkfræðingur, hóf störf sín hjá stefnda hinn 15. apríl 1961.

Í málinu liggur frammi svofellt bréf til stefnanda, dags. 13. apríl 1961, undirritað af bæjarstjóranum í Hafnarfirði:

„Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hinn 11. apríl s.l. var samþykkt að ráða Gísla Jónsson, rafmagnsverkfræðing, Kársnesbraut 13, Kópavogskaupstað, rafveitustjóra Rafveitu Hafnarfjarðar, og taki hann til starfa nú í aprílmánuði.

Jafnframt gegni hann starfi slökkviliðsstjóra.

Launakjör verði: Yfirverkfræðingslaun samkvæmt núgildandi samningi Stéttarfélags verkfræðinga.

Greiðsla fyrir notkun eigin bifreiðar verði samkvæmt I. flokki.

Þetta tilkynnist yður hér með“.

Í skriflegri aðiljaskýrslu stefnanda, sem hann lýsti rétta fyrir dóminum, segir stefnandi m. a. svo:

„Þess er fyrst að geta, að í ráðningarbréfi mínu, dskj. nr. 5, er ranglega talað um þágildandi kjarasamning Stéttarfélags verkfræðinga, en á þeim tíma var slíkur samningur ekki fyrir hendi. Það er hins vegar ágreiningslaust, að ákvæði ráðningarbréfsins

bæri þá að skilja á þann hátt, að ég hefði samsvarandi laun og þáverandi bæjarverkfræðingur, og samkvæmt því voru launin til að byrja með kr. 10.000.00 á mánuði auk kr. 5.000.00 á ári fyrir störf í rafveitunefnd og bílastyrk af 1. flokki“.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að upphaflega hafi, þrátt fyrir orð ráðningarbréfsins, laun stefnanda átt að miðast við laun bæjarverkfræðings. Ekki telur þó stefnandi, að laun sín hafi lengi fylgt launum bæjarverkfræðings, og í nóvember 1962 hafi laun bæjarverkfræðings verið orðin mun hærri. Sneri stefnandi sér þá til bæjarráðs með bréfi, dags. 22. nóvember 1962. Segir þar m. a.:

„Með vísun til samtals við bæjarstjórnann, hr. Hafstein Baldvinsson, leyfi ég mér að fara fram á, að laun mín verði hækkuð til samræmis við laun bæjarverkfræðings.

Þegar ég var ráðinn rafveitustjóri og jafnframt slökkviliðs-stjóri, var ég spurður um launakröfur, en þá var enginn kjarasamningur í gildi hjá Stéttarfélagi verkfræðinga, gerði ég kröfur um laun, sambærileg launum bæjarverkfræðings. Þar sem samið hafði verið nýlega við hann, taldi ég ekki eðlilegt, að samið yrði við mig um hærri laun. Ennfremur taldi ég óeðlilegt og ósanngjarnt, að ég fengi lægri laun en hann“.

Bréfinu lýkur stefnandi með þessum orðum:

„Þar sem störf mín eru alls ekki umfangsminni né ábyrgðarminni heldur en störf bæjarverkfræðings, vænti ég þess, að háttvirt bæjarráð sé mér sammála um, að það sé sanngjörn krafa, að ég hafi laun, sambærileg launum bæjarverkfræðings og að mér reiknist þau yfir sama tímabil og hann hefur haft sín núverandi laun“.

Í bréfi þessu kemur einnig fram, að laun stefnanda höfðu „hækkað til samræis við hækkun launa annarra fastra starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar“ og voru orðin kr. 12.663.00 á mánuði auk nefndalauna að fjárhæð kr. 6.331.50 á ári og bílastyrks að fjárhæð kr. 25.000.00 á ári.

Á fundi sínum hinn 22. nóvember 1962, þ. e. sama dag og framangreint bréf stefnanda var ritað, samþykkti bæjarráð að vísa þessu erindi stefnanda til stjórnar Rafveitu Hafnarfjarðar. Hinn 10. desember 1962 var erindið tekið fyrir í rafveitustjórn, en afgreiðslu þess þá frestað og síðan nokkrum sinnum, án þess að það fengi afgreiðslu að öðru leyti en því, að hinn 22. júlí 1963 var samþykkt að greiða stefnanda kr. 15.000.00 upp í væntanlega launauppbót.

Næst gerist það í launamálum stefnanda, að hinn 19. ágúst 1963 tók gildi ákvörðun gerðardóms um launakjör verkfræðinga. Gerðardómurinn var skipaður samkvæmt lögum nr. 64/1963. Virðist hafa orðið samkomulag um, að stefnandi tæki laun eftir honum frá 1. júlí 1963. Stefnanda var fyrst í stað greitt eftir II. lið þess gerðardóms, en sá liður fjallar um mánaðarlaun og kjör fastráðinna verkfræðinga hjá bæjar- og sveitarfélögum, sem njóta hliðstæðra lífeyrisréttinda og annarrar aðstöðu sem fastir starfsmenn Reykjavíkurborgar. Eru þessum aðiljum raunar skömmtuð sömu laun og fastráðnum verkfræðingum hjá Reykjavíkurborg, þannig að meiningin virðist hafa verið, að allir fastráðnir verkfræðingar hjá bæjar- og sveitarfélögum sætu við sama borð, enda nytu þeir sambærilegra leyfissjóðsréttinda og annarrar aðstöðu og fastráðnir verkfræðingar hjá Reykjavíkurborg.

Ekki vildi stefnandi una þessu, enda varð hann þess var, að bæjarverkfræðingi og hafnarstjóra, sem einnig var verkfræðingur, voru greidd laun eftir III. lið gerðardómsins, en hann fjallar um alla aðra verkfræðinga en þá, sem fastráðnir eru hjá bæjar- og sveitarfélögum, og ákveður þeim nokkru hærri laun en fastráðnum verkfræðingum hjá sveitarfélögum.

Rök stefnanda fyrir kröfu sinni um laun eftir III. lið gerðardómsins koma fram í bréfi, er hann ritaði Starfsmannafélagi Hafnarfjarðarbæjar hinn 4. nóvember 1963, en þar segir m. a.:

„Þegar ég var ráðinn rafveitustjóri hjá Rafveitu Hafnarfjarðar í apríl 1961, var tekið fram, að ég skyldi jafnframt gegna starfi slökkviliðsstjóra og að launakjör yrðu yfirverkfræðingslaun skv. samningi Séttarfélags verkfræðinga.

Nú hefur gerðardómur, sem skipaður var í verkfræðingadeiluna skv. bráðabirgðalögum nr. 64 frá 17. ágúst 1963, kveðið upp dóm sinn og ákvarðað laun verkfræðinga. Nú skilst mér, að lífeyrissjóðsréttindi í eftirlaunasjóði Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Lífeyrissjóði verkfræðinga séu lakari en lífeyrissjóðsréttindi fastráðinna starfsmanna Reykjavíkurborgar, t. d. hvað varðar tryggingu á eftirlaunagreiðslum gegn verðbólgu.

Með hliðsjón af ofanrituðu tel ég, að mér beri yfirverkfræðingslaun skv. 3. lið í fyrrnefndum gerðardómi“.

Á fundi stjórnar Rafveitu Hafnarfjarðar hinn 25. nóvember 1963 var svo eftirfarandi bókað:

„Með tilliti til ráðningarsamnings þess, er gerður var við Gísla Jónsson, er hann var ráðinn rafveitustjóri, samþykkir stjórnin að verða við kröfum hans á þann hátt, að laun hans hækki á

tímabilinu frá 1. ágúst 1962 til 1. júlí 1963 um kr. 3.000.00 á mánuði. Jafnframt falli stjórnarlaun hans niður fyrir sama tíma“.

Enn eru launamál stefnanda tekin fyrir á fundi rafveitustjórnar hinn 7. desember 1964 og þá bókað:

„Formaður rafveitunefndar upplýsir, að samkomulag hafi orðið í launanefnd bæjarins og bæjarstarfsmanna, að rafveitustjóri skuli taka laun samkvæmt 3. lið í gerðardómi um launakjör verkfræðinga frá ágúst 1963 og gildi það frá og með 1. júlí 1963“.

Mismun launa samkvæmt II. og III. lið gerðardómsins fyrir tímabilið frá 1. júlí 1963 til ársloka 1964 fékk stefnandi svo greiddan í desember 1964 og síðan laun í samræmi við III. lið gerðardómsins með tilheyrandi vísitöluuppbótum og grunnkaupshækkunum allan þann tíma, er hann starfaði hjá stefnda, **p. e.** til októberloka 1969. Gerðardómurinn var aðeins bindandi til ársloka 1965, en þrátt fyrir það voru laun stefnanda, eins og fyrr greinir, áfram reiknuð út á grundvelli hans.

Hinn 24. maí 1967 rituðu verkfræðingar þeir, er voru í þjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar, bæjarstjóra bréf, þar sem þeir krefjast þess, að þeim verði greidd laun í samræmi við laun verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg, en þeir verkfræðingar höfðu samið við borgina í desember 1966. Nokkru áður, eða hinn 8. marz 1967, hafði Stéttarfélag verkfræðinga sent Hafnarfjarðarbæ bréf, þar sem á það er bent, að „engir kjarasamningar hafi verið í gildi að undanfögnu“ milli þessara aðilja, þrátt fyrir það að félagsmenn stéttarfélagsins séu starfandi í þjónustu bæjarins.

Býður stéttarfélagið bænum upp á gerð sams konar samnings um kjör verkfræðinga í þjónustu hans og það hafði áður gert við Reykjavíkurborg.

Bæjarráð Hafnarfjarðar ákvað að fresta afgreiðslu framangreinds erindis verkfræðinganna, þar eð gerð heildarkjarasamnings við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarkaupstaðar stæði fyrir dyrum. Taldi bæjarráðið eðlilegt, að launakjör starfandi verkfræðinga hjá bænum yrðu ráðin í sambandi við væntanlega samninga. Þessari málsmeðferð mótmælti stefnandi, m. a. í bréfi, dags. 19. september 1967, þar sem hann krefst þess, að málið verði tekið fyrir í starfskjaranefnd bæjarins og afgreiðslu þess hraðað þar, en verkefni starfskjaranefndar var að taka til meðferðar ágreiningsmál varðandi laun og önnur kjör starfsmanna bæjarins, og var nefndin þannig skipuð, að Starfsmannafélag Hafnarfjarðarkaupstaðar tilnefndi tvo menn í nefndina og Hafnarfjarðarbær

two. Ekki var þessu erindi stefnanda sinnt. Hinn 1. janúar 1968 gekk svo kjarasamningur í gildi milli Starfsmannafélags Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Það er ágreiningslaust með aðiljum, að ekki var ætlað til, að stefnandi tæki laun samkvæmt þeim kjarasamningi, þótt rafveitustjóra væri skipað þar í 26. launaflokk, en að öðru leyti umdeilt, hvort samningurinn tæki til hans, eins og síðar verður greint. Þau laun hefðu orðið nokkru lægri en laun þau, sem stefnandi raunverulega tók, en þau voru, eins og fyrr getur, reiknuð út á grundvelli III. liðar gerðardómsins frá 19. ágúst 1963.

Hinn 2. janúar 1968 ritar svo lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem hann krefur um þau laun, er umbjóðandi hans telur vangaldin.

Stefnandi byggir kröfu sína vegna vangreiddra launa samkvæmt ráðningarbréfi á því, að orðið „Yfirverkfræðingslaun“ í bréfi bæjarstjóra verði ekki skilið á annan veg en þann, að þar sé átt við yfirverkfræðingslaun, eins og þau eru almennt á hverjum tíma. Telur stefnandi sig í máli þessu hafa leitt sönnur á það, hver þau hafi verið á þeim tíma, sem um er fjallað í máli þessu. Verður síðar að þeim gögnum vikið.

Stefndi mótmælir þeim skilningi stefnanda á ráðningarbréfi hans frá 13. apríl 1961, að hann skyldi almennt hafa „yfirverkfræðingslaun“, eins og þau yrðu á hverjum tíma. Þvert á móti hafi verið ákveðið, að launakjör hans skyldu vera „yfirverkfræðingslaun samkvæmt núgildandi samningi Stéttarfélags verkfræðinga“. Til þess að þau skyldu breytast í krónutölu, hefði því þurft nýjan samning og jafnan síðan nýjan samning, er launakjör skyldu breytast, nema ef ákveðin hefði verið einhver önnur skipan.

Slíkan samning telur stefndi, að komið hafi á, þegar sú skipan var ákveðin, að stefnandi tæki laun samkvæmt III. lið gerðardóms um launakjör verkfræðinga, samanber áður tilvitnaða bókun rafveitustjórnar hinn 7. desember 1964. Bendir stefndi m. a. á, að báðir aðiljar hafi undirritað þá bókun.

Í greinargerð stefnda segir svo:

„Sá samningur var gerður á miðjum gildistíma áður tilvitnaðs gerðardóms og hefði auðvitað verið markleysa, ef hann væri ekki skilinn sem gildur samningur milli aðila þessa máls um launakjör stefnanda, enda er aðdragandi þeirrar bókunar, eins og fram kemur í fundargerð rafveitunefndar á dskj. nr. 16, sá, að „formaður rafveitunefndar upplýsir, að samkomulag hafi orðið í

launanefnd bæjarins og bæjarstarfsmanna, að rafveitustjóri skuli taka laun samkvæmt lið 3 í gerðardómi um launakjör verkfræðinga frá ágúst 1963 ...“. Með þessu verður að telja, að komizt hafi á samningur milli umbj. míns og stefnanda þessa máls. Er sá samningur, þó að launakjör samkvæmt honum séu miðuð við laun samkvæmt gerðardómi, að sjálfsögðu óháður því, hve lengi sá gerðardómur heldur sjálfstæðu gildi sínu. Ef þessi nýi samningur hefði ekki komið til, hefði að sjálfsögðu þurft að semja við stefnanda að nýju, er gerðardómurinn féll úr gildi. Þess þurfti þó ekki, þar sem áður hafði verið um það samið, að ákvæði gerðardómsins um fjárhæð launanna skyldu gilda áfram, eftir að gerðardómurinn sem slíkur félli úr gildi.

Þannig gildi þessi nýi samningur málsaðiljanna, sem staðfestur var með áður greindri bókun á fundi rafveitunefndar hinn 7. desember 1964, allt til ársloka 1967.

Hinn 1. janúar 1968 tók hins vegar gildi nýr samningur milli umbj. míns og stefnanda þessa máls. Er það kjarasamningur Hafnarfjarðarkaupstaðar við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem gildir frá 1. janúar 1968. Liggur hann frammi sem dskj. nr. 17 í máli þessu. Samkvæmt þeim samningi skal rafveitustjóri taka laun samkvæmt 26. launaflokki samningsins. Þau laun eru kr. 25.414.00 á mánuði eftir 12 ára starf. Stefnandi hefir hins vegar haldið mánaðarlaunum sínum, kr. 26.617.00, óskertum“.

Því er eindregið mótmælt af stefnanda, að hann hafi nokkru sinni afsalað sér launakjörum samkvæmt ráðningarbréfi sínu, en samkvæmt því hafi laun hans verið ákveðin „Yfirverkfræðingslaun“. Ekki hafi verið um nýjan samning að ræða um launakjör, er tekið var að greiða stefnanda eftir III. lið margnefnds gerðardóms, heldur leiðréttingu á launakjörum hans í fullu samræmi við ráðningarbréfið, enda hafi m. a. bæjarverkfræðingur og hafnarstjóri fengið greidd laun samkvæmt III. lið gerðardómsins á undan stefnanda.

Breytingin hafi því raunverulega verið staðfesting á því, að stefnandi ætti að hafa samsvarandi laun og aðrir yfirverkfræðingar, og beri því að túlka hana sem launaleiðréttingu í samræmi við fyrri samning, en ekki sem nýjan samning um launakjör.

Til stuðnings þessum skilningi bendir stefnandi á, að hinn 13. maí 1969 var bæjarráðsmaðurinn Vigfús Sigurðsson, sem sat bæði í starfskjaranefnd og rafveitustjórn á þeim tíma, sem um umrædda launabreytingu var fjallað, spurður um það hér fyrir

dómi, hvað hann teldi, að falizt hefði í því, er tekið var að greiða stefnanda samkvæmt III. lið gerðardómsins. Hann kvaðst frekast telja, að um launaleiðréttingu hefði verið að ræða.

Hinn 13. maí 1969 kom fyrir dóminn Friðþjófur Sigurðsson, sem átti sæti í starfskjaranefnd á umræddu tímabili. Hann var spurður um afgreiðslu umrædds atriðis í starfskjaranefnd. Hann taldi sig muna óglöggð eftir henni og gat lítið um málið sagt, er á væri byggjandi. Hinn 24. nóvember sama ár kom hann aftur fyrir dóminn, og var þá bókað:

„Vitnið segir, að stefnandi hafi þegið laun skv. II. lið gerðardóms verkfræðinga, en það hafi verið á forsendu ákvæðisins um lífeyrissjóð, sem ákveðið hafi verið að telja, að Gísli ætti að taka laun eftir III. flokki, og var þá einkum tekið tillit til þess, að lífeyrissjóðurinn var ekki verðtryggður. Vitnið segir, að þetta hafi verið með fyrstu fundum starfskjaranefndar og ekki hafi verið bókað neitt um þetta atriði. Tveir bæjarfulltrúar hafi átt sæti í nefndinni“.

Fjárhæð kröfu sinnar í þessum þætti málsins miðar stefnandi við mismun á þeim launum, er hann fékk greidd, og þeim launum, er hann telur, að Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og Kópavogskaupstaður hafi greitt verkfræðingum sínum á þessum tíma.

Telur hann það hina eðlilegu viðmiðun við mat á því, hvað felist í hugtakinu „Yfirverkfræðingslaun“.

Parna sé um að ræða þrjú stærstu bæjarfélög landsins og auk þeirra þann aðilja, sem hvað flesta verkfræðinga hafi í þjónustu sinni, og megi því telja þetta hin almennu yfirverkfræðingslaun í landinu.

Hinn 24. nóvember mætti hér fyrir dómnum sem vitni Hinrik Guðmundsson, framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands. Honum sagðist þá svo frá:

„Í maí 1966 gerði Stéttarfélag verkfræðinga samning við samtök verkfræðilega ráðunauta. Það var rammamasamningur, sem gerði ráð fyrir, að fram færi árleg launakönnun, sem síðan yrði gefin út til afnota fyrir félaga stéttarfélagsins og vinnuveitendur þeirra. Jafnframt var gerður samningur við Hagstofuna um, að hún framkvæmdi launakönnunina og gæfi út niðurstöðuna. Þessi samningur við ráðunautana er enn í gildi, en sérstakur starfsmaður við Hagstofuna hefur tekið að sér launakönnun í stað Hagstofunnar sem slíkrar og hefur gert það undanfarin 2 ár.

Næsti kjarasamningur, sem gerður var, var við Reykjavíkurborg.

borg. Það var einnig rammasamningur, sem tiltekur allt annað en laun, en jafnframt var gerður munnlegur samningur um að fylgja launastiga Landsvirkjunar. Jafnframt var gerður skriflegur ráðningarsamningur við hvern og einn verkfræðing, þar sem launastiginn kom fram, að því er hann varðaði. Vitnið tekur fram, að munnlegi samningurinn sé óaðskiljanlegur hluti kjarasamningsins. Vitnið segir, að auk þess hafi Stéttarfélag verkfræðinga fengið yfirlýsingu frá Kópavogsbæ og Akureyrarbæ um, að verkfræðingar þar yrðu ráðnir samkvæmt kjarasamningi við Reykjavíkurborg, að munnlega samningnum meðtöldum, auk þess hafi Framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar ráðið verkfræðinga samkvæmt sama samningi án milligöngu stéttarfélagsins. Vitnið segist hafa frétt af samningi Landsvirkjunar snemma á árinu 1966, um það leyti sem samið var við ráðgefandi verkfræðinga. Þau kjör hafi verið einhliða ákveðin af Landsvirkjun án tilhlutunar stéttarfélagsins. Vitnið segir, að það séu starfandi milli 5 og 10 verkfræðingar hjá Landsvirkjun og séu sumir þeirra félagar í stéttarfélaginu, en aðrir ekki, en aðalmeðlimir stéttarfélagsins séu um 130.

Aðspurt af lögmanni stefnda um, hvað gerðist, ef Landsvirkjun breytti launastiganum einhliða, um samninga við Reykjavíkurborg, sagði vitnið, að það gerði ráð fyrir því, að taka yrði upp samninga að nýju, en tók fram, að það gæti ekki sagt um, hver yrði afstaða Reykjavíkurborgar. Vitnið tekur fram, að launastigi Landsvirkjunar hafi legið frammi við samningagerð við Reykjavíkurborg og launastiginn sé hluti af samningum, sem breytist ekki, þótt Landsvirkjun breytti launastiga sínum. Vitnið segir, að yfirvinnuákvæðið í 4. gr. gildi jafnt fyrir alla verkfræðinga, almenna, deildar- og yfirverkfræðinga.

Vitnið lýsti því yfir, að stéttarfélagið hafi ekki afskipti af skriflegum ráðningarsamningum ráðgjafaverkfræðinga. Vitnið gerir ekki ráð fyrir, að launastigi Landsvirkjunar hafi fylgt með bréfinu á dskj. 19 (bréf Stéttarfél. verkfræðinga, dags. 8. 3. 1967), en stéttarfélagið hafi gefið sínum meðlimum upplýsingar um launastigann. Hafnarfjarðarbær hafi hinsvegar verið innan handar að fá upplýsingar um launastigann frá Reykjavíkurborg.

Vitnið gerir ráð fyrir, að bréf til Akureyrarbæjar og Kópavogsbæjar hafi verið sent sama dag og bréfið á dskj. 19 og þeir kaupstaðir hafi tekið upp sama samning, eins og áður er getið, en yfirlýsingarnar hafi borizt nokkru síðar“.

Í málinu liggur frammi ráðningarsamningur við bæjarverkfræð-

inginn á Akureyri, þar sem segir í 3. grein: „Laun og kjör verkfræðingsins eru í aðalatriðum samkvæmt kjarasamningi milli Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags verkfræðinga frá 28. desember 1968, líkt og er um næstu undirmenn borgarverkfræðings í Reykjavík, sem eru opinberir starfsmenn“. Enn fremur liggur frammi yfirlýsing frá Akureyrarbæ um, að sami samningur gildi við rafveitustjóra þar. Því er ómótmælt, að Kópavogskaupstaður hafi í samningum við verkfræðinga sína miðað við launakjör hjá Reykjavíkurborg.

Frammi liggur í málinu bréf Hinriks Guðmundssonar, dags. 24. júní 1969, þar sem fram kemur margnefndur launastigi Landsvirkjunar. Í bréfinu segir svo:

„Um Landsvirkjunarkjör.
Alm. verkfræðingur.

	Gr. I	Gr. II	Með 19,16% vísitöluálagi óbreytt frá 1/12 1967
Byrjunarlaun	15.500x1,15 =	17.825	21.240 kr./mán.
Laun eftir 1 ár . . .	17.500x1,15 =	20.125	23.981 — —
— — 3 — . . .	19.500x1,15 =	22.425	26.722 — —
— — 6 — . . .	21.500x1,15 =	24.725	29.462 — —
— — 10 — . . .	23.500x1,15 =	27.025	32.203 — —

Deildarverkfræðingur.

	Gr. I	Gr. II	Með 19,16% vísitöluálagi óbreytt frá 1/12 1967
Byrjunarlaun	18.700x1,15 =	21.505	25.625 kr./mán.
Laun eftir 1 ár . . .	21.200x1,15 =	24.380	29.051 — —
— — 3 — . . .	23.600x1,15 =	27.140	32.340 — —
— — 6 — . . .	26.000x1,15 =	29.900	35.629 — —
— — 10 — . . .	28.400x1,15 =	32.660	38.918 — —

Mitt á milli almenns verkfræðings og deildarverkfræðings er launastigi fyrir verkfræðing með sérþekkingu, en um launakjör yfirverkfræðings hjá Landsvirkjun er undirrituðum ókunnugt.

Hjá Reykjavíkurborg eru verkfræðingar ráðnir samkvæmt launastiga Landsvirkjunar fyrir almenna verkfræðinga. Deildarverkfræðingar fá þar 15% álag á launastiga almennra verkfræð-

inga, og gert er ráð fyrir, að yfirverkfræðingar þar fái 30% álag á sama launastiga, þegar slík ráðning félagsmanna Stéttarfélags verkfræðinga fer fram.

Launastigarnir eru byggðir þannig upp, að fyrst eru grunnlaun I (Gr. I), síðan kemur 15% álag á þau fyrir, að verkfræðingur taki ekki að sér verkefni fyrir aðra nema með samþykki vinnuveitanda síns. Það verða grunnlaun II (Gr. II), en við þau bætist vísitöluálag skv. lögum nr. 63/1964, meðan þau lög voru í gildi og óbreytt síðan. Mánaðarlaun greiðast í heilum hundruðum króna. Launabætur til viðbótar: + 1.200 kr. frá 1/6 '69 + 350 kr. frá 1/9 '69“.

Hinn 24. nóvember 1969 kom fyrir dóminn Ragnar Árnason verkfræðingur, starfsmaður hjá Reykjavíkurborg.

Eftir honum var bókað:

„Vitnið segir, að þegar samningar stóðu yfir, hafi þeim verið sýndur launaskali Landsvirkjunar og hafi verið farið eftir honum að öðru leyti en því, að laun deildarverkfræðinga og yfirverkfræðinga yrðu önnur. Var samið um, að deildarverkfræðingar hefðu 15% álag, en yfirverkfræðingar hefðu 30% álag. Vitnið segir, að það minni, að samkvæmt Landsvirkjunarkjörum hafi deildarverkfræðingar haft 20% álag, en um yfirverkfræðinga hafi ekki verið getið.

Vitnið segir, að um 20 verkfræðingar séu ráðnir á þessum kjörum hjá Reykjavíkurborg.

Vitnið segir, að yfirvinna deildar- og yfirverkfræðinga hafi verið reiknuð skv. 4. gr. kjarasamningsins við Reykjavíkurborg, en ekki hafi verið mikið um yfirvinnu eftir þeirri grein, heldur meira þannig, að menn hafi tekið að sér ákveðin verkefni í ákvæðisvinnu utan vinnutíma.

Vitnið telur, að Landsvirkjunarlaunaskalinn hafi ekki fylgt með bréfinu á dskj. 19 til Hafnarfjarðarbæjar.

Undir vitnið er nú borin skrá yfir Landsvirkjunarkjör á dskj. nr. 34, og tekur vitnið fram, að þar sé um sömu tölur að ræða og vitnið man eftir úr kjarasamningum við Reykjavíkurborg, en tekur fram, að það hafi ekki aðstöðu til að fullyrða nokkuð um reikningslegu hliðina.

Vitnið telur sig geta fullyrt, að ekki sé um aðra kjarasamninga að ræða af hálfu stéttarfélagsins en við Reykjavíkurborg og ráðgefandi verkfræðinga.

Vitnið segir, að vísitöluuppbót hafi verið óbreytt á tímabilinu frá 1/12 1967 til 1/6 1969.

Vitnið tekur fram, að það taki ekki afstöðu til launa deildarverkfræðinga á dskj. nr. 34.

Vitnið segir, að það hafi séð launamiða hjá einum af yfirverkfræðingum Hitaveitunnar og hafi ekki séð betur en þau laun væru í samræmi við kjarasamninginn við Reykjavíkurborg, enda þótt starfsmaðurinn væri fastráðinn starfsmaður Reykjavíkurborgar, en ekki meðlimur í Stéttarfélagi verkfræðinga.

Vitnið tekur fram, að ráðningarsamning verði að gera við hvern einstakan verkfræðing skv. kjarasamningnum“.

Stefndi heldur því fram, að jafnvel þótt fallt yrði á sjónarmið stefnanda um það, hvers konar ráðningarsamningur hafi gilt á þeim tíma, sem launakröfur hans miðast við, þá sé stefnanda með engu móti fært að beita launastiga Landsvirkjunar um kjör sín, enda væri honum þá beitt með allt öðrum hætti en tíðkæzt hefur hjá þeim aðiljum, er launastigann nota. Stefndi krefjast yfirverkfræðinglauna, en umræddur launastigi fjalli aðeins um almenna verkfræðinga og deildarverkfræðinga, eins og eftirfarandi orð í áður tilvitnuðu bréfi Hinriks Guðmundssonar sýni: „Mitt á milli almenns verkfræðings og deildarverkfræðings er launastigi fyrir verkfræðing með sérþekkingu, en um launakjör yfirverkfræðings hjá Landsvirkjun er undirrituðum ókunnugt“.

Vitnið Ragnar Árnason hafi fyrir dóminum talið, að yfirverkfræðinga sé ekki getið á launastiga Landsvirkjunar, enda muni það vera staðreyndin, að margnefndur launastigi fjalli alls ekki um þá. Þá eigi launastiginn eingöngu við lausráðna verkfræðinga, en stefndi hafi verið fastráðinn opinber starfsmaður. Heldur stefndi því fram, að Reykjavíkurborg noti alls ekki launastigann um slíka fastráðna starfsmenn sína, svo sem rafveitustjóra. Vegna framburðar Ragnars Árnasonar, sem rakinn er hér að framan, tekur stefndi fram, að sögusögn eins manns um það, hvað hann hafi séð á launamiða annars ótilgreinds aðilja, sé að sínum dómi haldlítill sönnun fyrir því, hver séu launakjör fastráðinna verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg.

Í heild séu ofangreindar upplýsingar um launakjör verkfræðinga í þjónustu Landsvirkjunar, Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og Kópavogskaupstaðar svo ófullkomnar, að á þeim verði ekki byggt. Þá séu samningar Verkfræðingafélags Íslands við önnur sveitarfélög Hafnarfjarðarbæ óviðkomandi, þar sem bærinn hafi ekki gert neina slíka samninga við Stéttarfélag verkfræðinga.

Niðurstaða.

Þegar stefnandi réðst til stefnda á árinu 1961, sömdu aðiljar svo með sér, að laun stefnanda skyldu vera „yfirverkfræðingslaun samkvæmt núgildandi samningi stéttarfélags verkfræðinga“. Upplýst er, að slíkur samningur var þá ekki til.

Það er ágreiningslaust, að laun stefnanda miðuðust upphaflega við laun bæjarverkfræðings. Laun stefnanda og laun bæjarverkfræðings fylgdust eigi að nema skamman tíma. Eftir það sömdu aðiljar jafnan sérstaklega sín á milli um ákveðnar launahækkanir stefnanda til handa, allt þar til hinn lögbundni gerðardómur tók gildi um kjör hans.

Þannig virðast aðiljar eigi hafa túlkað ákvæði ráðningarsamningsins eða beitt þeim með þeim hætti, að stefnandi geti síðar byggt á þeim kröfu til „yfirverkfræðingslauna, eins og þau eru í landinu á hverjum tíma“.

Bráðabirgðalögin nr. 64/1963 tóku gildi 17. ágúst 1963. Staðfestingarlögin nr. 47/1964 höfðu tímabundið gildi. Talið verður þó, að við gildistöku laganna nr. 64/1963 hafi allir eldri kjarasamningar þeirra verkfræðinga, er lögin tóku til, endanlega fallið úr gildi um þau atriði, er ákvörðun gerðardómsins tók lögum samkvæmt til, enda var lögnum samkvæmt forsendum fyrir setningu bráðabirgðalaganna ætlað að hafa þau áhrif, að launakjör verkfræðinga þróuðust í samræmi við launakjör opinberra starfsmanna.

Eftir að gildistíma gerðardómsins lauk, hélt stefnandi áfram að taka laun á grundvelli hans með öllum almennum hækkunum grunnlauna og verðlagsbóta, enda verður ekki talið, að hann hafi átt rétt til hærri launa, þar sem honum tókst ekki að ná nýjum samningum við vinnuveitanda sinn.

Samkvæmt framnsögðu ber því að sýkna stefnanda af þessum kröfulið.

II. Um yfirvinnu.

Kröfu stefnanda vegna yfirvinnunnar má skipta í tvo þætti, annars vegar vangreidda þóknun fyrir yfirvinnu á tímabilinu frá 1. janúar 1967 til 31. marz 1968 og hins vegar ógreidda þóknun fyrir yfirvinnu fyrir tímabilið frá 1. apríl 1968 til 31. ágúst sama ár.

Kröfugerðin vegna yfirvinnu fram til 31. marz 1968 byggist á því, að þar sem stefnandi hafi ekki fengið þau föstu laun, er honum hafi borið, og tímakaup í yfirvinnu sé reiknað út frá föstum mánaðarlaunum, þ. e. fyrir hverja yfirvinnustund sé greitt brot af mánaðarlaunum, þá beri, um leið og mánaðar-

launin séu leiðrétt, að leiðrétta tímakaupið í yfirvinnunni með sama hætti.

Dómurinn hefur sýknað í þeim þætti málsins, sem fjallar um vangoldin föst mánaðarlaun. Þar af leiðandi verður krafa stefnanda vegna vangreiddrar yfirvinnu fram til 31. marz 1968 ekki tekin til greina.

Kemur nú til athugunar krafa stefnanda vegna ógreiddrar yfirvinnu frá 1. apríl 1968 til 31. ágúst sama ár. Í aðiljaskýrslu sinni segir stefnandi m. a.:

„Á fundi rafveitunefndar hinn 18. október 1965 var samþykkt að greiða mér fasta þóknun fyrir yfirvinnu, sem næmi 25 klukkustundum á mánuði, enda félli þá niður sérstök greiðsla fyrir setu á stjórnarfundum. Eins og fram kemur á dskj. nr. 10, var þetta gert með tilliti til þess, að aðrir verkfræðingar bæjarins höfðu þá þegar fengið slíka greiðslu, og að upplýst var, að yfirvinna þessi var raunverulega unnin.

Á þessum tíma var í gildi „Samkomulag um vinnutíma fastráðinna bæjarstarfsmanna, yfirvinnu þeirra, yfirvinnukaup og önnur kjör“ frá 29. október 1963, en þar segir í 15. gr., 2. mgr.: „Forstöðumenn stefnanda eiga ekki rétt á yfirvinnugreiðslu skv. 1. málsgrein. Þurfi þeir þó að vinna verulega yfirvinnu vegna embættisanna, er heimilt að greiða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra. Slíka greiðslu ákveður bæjarráð með samkomulagi við viðkomandi starfsmann og vitund Starfsmannafélags Hafnarfjarðarkaupstaðar ...“.

Í samræmi við umrætt ákvæði vísaði 125. stjórnarfundur rafveitunefndar, sem haldinn var 6. september 1965, beiðni minni um fasta greiðslu fyrir yfirvinnu til bæjarráðs, og var hún tekin fyrir á fundi ráðsins 9. september, en afgreiðslu þá frestað. Svo virðist sem bæjarráð hafi síðan án þess að gera um það bókun vísað málinu aftur til rafveitunefndar til afgreiðslu þar, því ekkert finnst frekar um það í bókum bæjarráðs, en á fundi rafveitunefndar 18. október sama ár er málið endanlega afgreitt, eins og áður segir.

Formaður afveitunefndar var þá Vigfús Sigurðsson, sem einnig átti sæti í bæjarráði. Með tilliti til þess, sem á undan var gengið, virðist mér enginn vafi geta leikið á því, að Vigfús hafi haft fullt umboð bæjarráðs til þess að afgreiða málið í rafveitunefnd, og í sömu átt bendir, að bæjarstjóri undirritar athugasemdalaust bókunina varðandi afgreiðslu málsins, sbr. dskj. nr. 10. Mér virðist því augljóst, að málið hafi fengið lögformlega afgreiðslu og sam-

þykktin um yfirvinnugreiðsluna sé þegar af þeirri ástæðu bindandi og óafturkallanleg, að óbreyttum aðstæðum, fyrir stefndan“.

Fram hefur verið lagt í málinu endurrit úr fundargerðabók rafveitustjórnar, þar sem segir m. a.:

„125. stjórnarfundur, 6. sept. 1965, liður 1. Tekin fyrir beiðni rafveitustjóra um fasta greiðslu fyrir eftirvinnu, 3000—3500 kr. á mánuði. Samþykkt að vísa málinu til bæjarráðs samkv. kjarasamningum bæjarstarfsmanna frá 29. okt. 1963.

127. stjórnarfundur, 18. okt. 1965, liður 4. Tekin fyrir að nýju beiðni rafveitustjóra um greiðslu fyrir fasta yfirvinnu. Heð tilliti til þess, að verkfræðingar bæjarins hafa fengið greidda eftirvinnu, er nemur 1 klst. á hvern vinnudag, eða 25 klst. á mánuði, og með tilliti til þeirra upplýsinga, er rafveitustjóri hefur gefið nefndinni, þar sem hann upplýsti, að hann hafi á liðnu ári hafið vinnu ýmist kl. 7,30 eða 8,00 að morgni og unnið til kl. 6 að kvöldi, telur nefndin, að rétt sé að verða við óskum rafveitustjóra um, að hann fái greidda yfirvinnu, sem nemi 25 klst. á mánuði, enda falli niður sérstök greiðsla fyrir setu hans á stjórnarfundum. Greiðsla þessi fari fram frá 1. ágúst 1965“.

Hinn 31. janúar 1968 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar m. a. að beina því til rafveitunefndar: „Að rafveitunefnd afnemi fasta greiðslu fyrir yfirvinnu til rafveitustjóra, þar sem bæjarstjórn lítur svo á, að slíkar greiðslur brjóti í bága við ríkjandi venjur um launagreiðslur forstöðumanna bæjarfyrirtækja. Telur bæjarstjórn, að slíkar greiðslur komi eigi til, nema að fengnu samþykki bæjarstjórnar“.

Hinn 11. marz 1968 var svo bókað á fundi rafveitustjórnar: „Bæjarstjóri leggur fram svofellda tillögu: Samkvæmt framkominni tilkynningu bæjarstjórnar frá 30. janúar s.l. til rafveitunefndar lítur nefndin svo á, að bæjarstjórn ætlist til þess, að eftirvinna Gísla Jónssonar rafveitustjóra verði felld niður. Samkvæmt því skal yfirvinna rafveitustjóra falla niður frá 1. apríl n. k.

Varðandi óskir rafveitustjóra um bætt launakjör lítur nefndin svo á, að rafveitustjóra beri að snúa erindi sínu þar að lútandi til bæjarstjórnar. Rafveitustjóri óskar bókað: Varðandi síðasta lið tillögu bæjarstjóra vil ég minna hann á bréf mitt til hans, dags. 24. maí 1967, um bætt launakjör, en svar hefur ennþá eigi borizt við því. Ég tel, að föst venja hafi skapazt fyrir því, að einstökum bæjarstofnunum sé heimilt að ákveða sérstakar greiðslur til forstöðumanna fyrir yfirvinnu og aukastörf án þess að leita

til þess samþykkis bæjarstjórnar eða bæjarráðs. Auk þess vil ég benda á, að meðal þeirra, er stóðu að samþykktinni frá 18. okt. 1965, voru þáverandi bæjarstjóri og bæjarfulltrúinn Vigfús Sigurðsson. Það er fullljóst, að langt er síðan bæjarstjórn var kunnugt um yfirvinnugreiðslur til rafveitustjóra og hafnarstjóra, og mun athugasemdum ekki hafa verið hreyft af því tilefni fyrr en nú og þá einungis varðandi rafveitustjóra. Ég tel því mjög vafasamt, að heimilt sé að fella niður þessar greiðslur nú og án þess að færa fyrir því nein sérstök rök, nema síður sé, þar sem bæjarstjóri hefur á síðasta fundi upplýst, að ekki væri gert ráð fyrir því, að það mundi hafa nein áhrif á vinnutíma rafveitustjóra, þótt yfirvinnugreiðslan yrði tekin af, og áskil ég mér því allan rétt til að hafa uppi kröfur á hendur viðkomandi yfirvöldum af þessu tilefni“.

Í greinargerð stefnanda segir m. a.:

„Krafa umbjóðanda míns um laun fyrir fasta yfirvinnu er á því byggð, að samþykkt rafveitunefndar frá 18. október 1965 sé skuldbindandi fyrir bæjarsjóð. Umrædd samþykkt er vel rökstudd og gerð með sama hætti og ákvörðun hafnarnefndar, sem fyrir liggur í máli þessu á dskj. nr. 13, en á þá ákvörðun hafnarnefndar hefur bæjarstjórn nú lagt blessun sína með því að hækka greiðslur til hafnarstjóra fyrir fasta yfirvinnu mjög verulega. Loks er þess að geta, að gegn því að fá þessa föstu yfirvinnugreiðslu afsalaði umbjóðandi minn sér þóknun fyrir setu á fundum rafveitunefndar. Því er eindregið mótmælt, að rafveitunefnd hafi síðar getað fellt þessar greiðslur niður með einhliða ákvörðun og án alls rökstuðnings annars en tilvísunar til bæjarstjórnarsamþykktar, sem rökstudd er með því, að slíkar greiðslur brjóti í bága við ríkjandi venjur, þótt sú sama bæjarstjórn hefði þá skömmu áður samið við bæjarverkfræðing um fasta yfirvinnugreiðslu, er nemur kr. 12.500,00 á mánuði, og semdi nokkru síðar við hafnarstjóra um sömu greiðslu, eins og áður segir“.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki verði dregin í efa heimild stefnda til að fella niður yfirvinnugreiðslur til stefnanda. Stefndi minni á, að í framangreindri tillögu bæjarstjóra frá 11. marz 1968 segi:

„Samkvæmt því skal *yfirvinna* rafveitustjóra falla niður frá 1. apríl n. k.“.

Með samþykktinni hafi stefnandi ekki verið sviptur greiðslu fyrir unnin störf, heldur hafi samþykktin beinzt að því að óska

þeirra starfa ekki lengur og að greiðslan félli niður sem afleiðing af því.

Í aðiljaskýrslu sinni vikur stefnandi m. a. að tillögu bæjarstjóra á fundi rafveitustjórnar hinn 11. marz 1968: „Í umræðum þeim, er þarna fóru fram, upplýsti ég, að það mundi ekki hafa nein áhrif á vinnutíma minn, þótt yfirvinnugreiðslan væri tekin af, þar eð ég mundi eftir sem áður vinna þá vinnu, sem þyrfti, meðan ég gegndi starfinu. Bæjarstjóri svaraði því þá til, að „Það væri gert ráð fyrir því“. Ég benti þá á, að ljóst væri samkvæmt þessari yfirlýsingu bæjarstjóra, að tilgangurinn með samþykkt bæjarstjórnar væri ekki sá, að ég minnkaði yfirvinnu mína, heldur að laun mín fyrir óbreyttan vinnutíma yrðu lækkuð. Þessu andmælti bæjarstjóri ekki. Ég benti þá enn fremur á, að ef yfirvinnugreiðslan yrði afnumin, mundi ég hafa laun sem væru rúmlega kr. 11.000,00 lægri á mánuði en laun bæjarverkfræðings og rúmlega kr. 6.000,00 lægri á mánuði en laun hafnarstjóra, og upplýsti bæjarstjóri þá, að verið væri að semja við hafnarstjóra um sömu laun og bæjarverkfræðingur hefði.

Á fundi sínum hinn 11. marz 1968 samþykkti svo rafveitunefnd tillögu frá bæjarstjóra, sem rakin er á dskj. nr. 12, um að fella niður yfirvinnugreiðsluna frá 1. apríl s. á. að telja. Ég mótmælti þá strax, að heimilt væri að fella niður yfirvinnugreiðsluna og áskildi mér allan rétt til að hafa uppi kröfur á hendur viðkomandi yfirvöldum af þessu tilefni, og er bókun mín í þessu sambandi rakin í dskj. nr. 12“. (Þ. e. bókun vegna tillögu bæjarstjóra á fundi rafveitustjórnar hinn 11. marz).

Í þinghaldi hinn 24. nóvember 1969 var m. a. bókað eftir Kristni Ó. Guðmundssyni bæjarstjóra:

„Mætti segir, að tilmælin um yfirvinnu séu komin frá bæjarstjórn og hafi verið send í formi tilmæla til rafveitunefndar um að reyna að skera niður eins mikla yfirvinnu og kostur væri á. Mættur segist eiga sæti í rafveitunefnd, án atkvæðisréttar, sem bæjarstjóri. Ummæli stefnanda í aðiljaskýrslu á dskj. 20, bls. 5. . . „Á fundi rafveitunefndar hinn 4. marz 1968 — til — mér yfirvinnugreiðslunni“, eru borin undir bæjarstjórnann.

Hann segir, að þetta hafi verið gert vegna þess, að reikningar rafveitunnar báru það með sér, að um mjög mikla yfirvinnu var að ræða hjá flestu skrifstofufólki rafveitunnar. Hann segist ekki hafa beint þessu til stefnanda sérstaklega, heldur hafi verið átt við, að margt starfsfólk á skrifstofu rafveitunnar hefði óeðli-

lega mikla yfirvinnu. Mætti segir, að það hafi verið eðlilegast, að rafveitunefnd hlutaðist til um að minnka yfirvinnu starfsfólksins eftir því sem kostur væri á, að öðru leyti vísar mætti til fundargerðar á dskj. nr. 11. Mætti segir, að þegar talað var um að afnema greiðslu fyrir yfirvinnu, hafi verið álitid, að yfirvinnu þyrfti ekki að vinna. Mætti mótmælir gagnstæðum skilningi í greinargerð stefnanda. Mætti mótmælir jafnframt þeim orðum, sem höfð eru eftir honum á dskj. 20, í aðiljaskýrslu stefnanda á bls. 6, þar sem segir, að „bæjarstjóri svaraði því þá til, að „það væri gert ráð fyrir því“,“ og öllum útlistunum stefnanda þar.

Mætti segir, að það hafi verið haft í huga, að stefnandi lét af slökkviliðsstjórarstarfi á árinu 1965, en því hafði hann gegnt án sérstakrar aukabóknunar. Mætti tekur fram, að þessar aðgerðir vegna yfirvinnu hafi verið vegna reikninga ársins 1966.

Mætti segir í tilefni spurningar frá lögmanni stefnanda vegna fundarsamþykktar frá 18. okt. 1965, að stefnandi muni hafa látið af starfi sem slökkviliðsstjóri á miðju ári 1965, en ítrekar, að það hafi ekki verið gert ráð fyrir því að mati bæjarstjórnar, að hann hafi þurft að vinna þessa yfirvinnu, enda sé sér ekki kunnugt um, að hann hafi gert það.

Mætti segir, að eftir að hann tók við starfi bæjarstjóra, hafi rafveitunefndarfundir yfirleitt verið haldnir kl. 1700 og þá venjulega hálfsmánaðarlega, yfirleitt ekki oft, en stundum sjaldnar. Þeir hafi oft staðið fram á kvöld. Mætti segir, að síðar hafi verið teknar upp greiðslur til stefnanda fyrir vinnu vegna setu á stjórnarfundum í rafveitunefnd. ...

Mætti segir að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda vegna 4. töluliðar á dskj. nr. 11, að föst yfirvinna hafi verið greidd til tveggja forstöðumanna bæjarfyrirtækja, hafnarstjóra og bæjarverkfræðings. Mætti segir, að fyrir setu á nefndarfundum fái enginn starfsmaður greitt nema bæjarstjóri, en um það sé önnur samþykkt frá því um þetta leyti, en rafveitunefnd hafi seinna samþykkt, að rafveitustjóri fengi greiðslu fyrir fundarsetu ...“.

Í sama þinghaldi var bókað eftir stefnanda:

„Mætti segist hafa lýst því yfir, að hann myndi sinna sinni vinnu eftir því sem þyrfti, þrátt fyrir það að greiðsla fyrir yfirvinnu væri afnumin.

Mætti tekur fram, að það hafi ekki verið sérstök verkefni, sem hafi orsakað yfirvinnuna, heldur hafi starfið verið það mikið, að eigi hafi verið unnt að ljúka því á dagvinnutíma.

Mætti segir, að það hafi komið fyrir, að hafi verið um alvarlegar

bilanir á veitukerfinu að ræða, að þá hafi verið kallað á sig, en segir, að yfirvinnan hafi minnst legið í því, heldur aðallega hinu, hve starfið var umfangsmikið.

Mætta minnir, að samþykkt hafi verið að greiða yfirvinnuna frá 1. jan. 1969 fyrir setu á fundum rafveitunefndar utan venjulegs vinnutíma, en það kunni að vera, að samþykkt hafi verið að greiða þessa þóknun frá 1. apríl 1968.

Mætti tekur það einnig fram, að engar þær breytingar á starfsmannahaldi hjá rafveitunni hafi orðið, er kynnu að hafa orðið til þess að vinna rafveitustjóra minnkaði“.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, samþykkti rafveitustjórn hinn 18. október 1965 að verða við kröfu stefnanda um greiðslu fastrar yfirvinnu, 25 klst. á mánuði miðað við 1. ágúst 1965. Greiðslur þessar voru óháðar tímabundnu vinnuálagi.

Er stefnandi hafði notið þessara föstu yfirvinnugreiðslna í meira en 2½ ár, voru yfirvinnugreiðslur til hans felldar niður frá 1. apríl 1968 að telja með samþykkt bæjarstjórnar hinn 31. janúar 1968 og samþykkt rafveitustjórnar hinn 11. marz sama ár, án þess að fram komi, að breyting á starfi rafveitustjóra hafi verið gerð.

Með tilliti til þess, hvernig launakjörum stefnanda var háttað, verður að telja, að umræddar yfirvinnugreiðslur hafi verið slíkur þáttur í launakjörum hans, að stefndi hafi eigi getað einhliða og gegn mótmælum stefnanda fellt þessar greiðslur niður, nema með því að segja upp starfssamningi aðilja. Ber samkvæmt þessu að taka kröfu stefnanda um umrædda yfirvinnugreiðslu fyrir tímabilið frá 1. apríl 1968 til 31. ágúst sama ár til greina.

Málkostnaður ákveðst kr. 20.000.00.

Dóm þennan kvað upp meiri hluti dómenda, þeir Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, forseti dómsins, og meðdómsmaðurinn Steingrímur Pálsson, launaskrárritari ríkisins.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórnin í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Gísla Jónssyni, kr. 33.270.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.654.00 frá 10. maí 1968 til 10. júní sama ár, en af kr. 13.308.00 frá þeim degi til 10. júlí sama ár, en af kr. 19.962.00 frá þeim degi til 10. ágúst sama ár, en af kr. 26.616.00 frá þeim degi til 10. september sama ár, en af kr. 33.270.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 20.000.00 í málskostnað,

allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

meðdómsmannsins dr. Odds Benediktssonar verkfræðings.

Ég er sammála þeirri niðurstöðu meiri hluta dómenda að taka beri til greina kröfu stefnanda um þóknun vegna ógreiddrar yfirvinnu fyrir tímabilið 1. apríl 1968 til 31. ágúst sama ár.

Að því er varðar kröfu stefnanda til vangoldinna fastra launa, er niðurstaða mín þessi:

Þegar stefnandi réðst til stefnda á árinu 1961, sömdu aðiljar svo með sér, að laun stefnanda skyldu vera „yfirverkfræðingslaun samkvæmt núgildandi samningi Stéttarfélags verkfræðinga“.

Á þessum tíma var ekki í gildi neinn heildarkjarasamningur við Stéttarfélag verkfræðinga, en ágreiningslaust er, að laun stefnanda voru í upphafi miðuð við laun bæjarverkfræðings í Hafnarfirði, enda var hann sá yfirverkfræðingur, sem nærtækast var að miða við. Það athugast, að bæjarverkfræðingurinn hafði þá nýlega samið um kjör sín við stefnda, og er því ómótæmt, að laun hans hafi verið í samræmi við þau launakjör, sem yfirverkfræðingar almennt höfðu á þessum tíma.

Af gögnum málsins má ráða, að stefnanda hefur allt það tímabil, er hann starfaði í þjónustu stefnda, byggt launakröfur sínar á þessum upprunalega samningi og aldrei afsalað sér rétti samkvæmt honum.

Meðan gerðardómurinn frá 19. ágúst var í gildi, voru laun stefnanda lögbundin, og tók hann þá laun sem yfirverkfræðingur. Eftir að gildistíma gerðardómsins lauk í árslok 1965, tók stefnandi áfram laun í samræmi við hann, enda ekki önnur launa viðmiðun fyrir hendi fyrst í stað.

Hinn 28. desember 1966 gerði Stéttarfélag verkfræðinga kjarasamning við Reykjavíkurborg, er gildi tók hinn 1. janúar 1967. Akureyrarbær og Kópavogskaupstaður sömdu síðan við sína verkfræðinga á sama grundvelli. Sá launaskali, sem lagður var til grundvallar, er umrædd bæjarfélög sömdu við verkfræðinga sína, var launaskali Landsvirkjunar.

Með því að upplýsa, hver launakjör verkfræðinga voru hjá þrem stærstu bæjarfélögum landsins og Landsvirkjun, þykir stefnandi hafa sýnt nægilega fram á, hverra launakjara yfirverkfræðingar nutu í störfum hliðstæðum starfi stefnanda. Þar

eð túlka verður ráðningarsamning stefnanda á þann veg samkvæmt framansögðu, að samið hafi verið um, að hann nyti yfirverkfræðingslauna, og stefnandi hefur aldrei afsalað sér þeim og telst, m. a. með tilliti til bréfs verkfræðinga í þjónustu stefnda frá 24. maí 1967, hafa áskilið sér rétt til hærri launa en hann veitti viðtöku, ber að taka kröfur hans í þessum þætti málsins til greina að öðru leyti en því, að stefnandi telst eigi eiga rétt til 15% þóknunar fyrir að taka eigi að sér aukastörf.

Dómsorð mitt verður því:

Stefndi, bæjarsjórnir í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Gísla Jónssyni, kr. 273.362.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 9.457.00 frá 1. janúar 1967 til 1. febrúar sama ár, en af kr. 18.914.00 frá þeim degi til 10. febrúar s. á., en af kr. 21.278.00 frá þeim degi til 1. marz s. á., en af kr. 30.735.00 frá þeim degi til 10. marz s. á., en af kr. 33.000.00 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 42.556.00 frá þeim degi til 10. apríl s. á., en af kr. 44.920.00 frá þeim degi til 1. maí s. á., en af kr. 54.377.00 frá þeim degi til 10. maí s. á., en af kr. 56.741.00 frá þeim degi til 1. júní s. á., en af kr. 66.198.00 frá þeim degi til 10. júní s. á., en af kr. 78.019.00 frá þeim degi til 10. júlí s. á., en af kr. 80.383.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en af kr. 89.840.00 frá þeim degi til 10. ágúst s. á., en af kr. 92.204.00 frá þeim degi til 1. september s. á., en af kr. 101.661.00 frá þeim degi til 10. september s. á., en af kr. 104.025.00 frá þeim degi til 1. október s. á., en af kr. 113.482.00 frá þeim degi til 10. október s. á., en af kr. 115.846.00 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 125.303.00 frá þeim degi til 10. nóvember s. á., en af kr. 127.667.00 frá þeim degi til 1. desember s. á., en af kr. 137.450.00 frá þeim degi til 10. desember s. á., en af kr. 139.814.00 frá þeim degi til 1. janúar 1968, en af kr. 142.260.00 frá þeim degi til 10. janúar s. á., en af kr. 152.043.00 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., en af kr. 161.826.00 frá þeim degi til 10. febrúar s. á., en af kr. 164.272.00 frá þeim degi til 1. marz s. á., en af kr. 174.055.00 frá þeim degi til 10. marz s. á., en af kr. 176.501.00 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 186.284.00 frá þeim degi til 10. apríl s. á., en af kr. 188.730.00 frá þeim degi til 1. maí s. á., en af kr. 198.513.00 frá þeim degi til 10. maí s. á., en af kr. 207.613.00 frá þeim degi til 1. júní s. á., en af kr. 217.396.00 frá þeim degi til 10. júní s. á., en af kr. 226.496.00 frá þeim

degi til 1. júlí s. á., en af kr. 236.279.00 frá þeim degi til 10. júlí s. á., en af kr. 245.379.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en af kr. 255.162.00 frá þeim degi til 10. ágúst s. á., en af kr. 264.262.00 frá þeim degi til 10. september s. á., en af kr. 273.362.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 45.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. júní 1971.

Nr. 122/1970. **Kári Einarsson og**
Agnar Árnason (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Gesti Gíslasyni (Jón N. Sigurðsson hrl.)
 og til réttargæzlu skiptaráðandanum í Barða-
 strandarsýslu (enginn) vegna dánarbús
 Bjarna Arngrímssonar og Sigríðar Ólafs-
 dóttur, Málmfriði Bjarnadóttur, Steinunni
 G. Helgadóttur, Þórarni Björnssyni, Skúla
 Páli Helgasyni, Andrési B. Helgasyni,
 Sigbrúði Helgadóttur, Jónasi E. Helgasyni,
 Einari Sigurjónssyni vegna sjálfs sín og
 ófjárráða dóttur sinnar, Helgu Einaradóttur,
 Hildi Einaradóttur, Gunnari Einarssyni,
 Garðari Einarssyni og Sverri S. Einarssyni
 (Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1970. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og viðurkenndur verði réttur þeirra til að fá uppboðsafsal fyrir jörðinni Trostansfirði í Suður-fjarðarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, enda ljúki þeir